

LISTIR



„Reifabarn“, frá 1982–1995. Olíulitir á striga, 58 x 85 cm.

Málari hinnar horfnu menningar

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MÁLVERK – ODD NERDRUM

Til 27. maí. Opið daglega frá kl. 10–18.

LISTMÁLARINN Odd Nerdrum, sem er án efa meðal þekktustu listamanna frænda okkar Norðmanna, er fæddur árið 1944, sama ár og landi hans, Edvard Munch – vafalaust þekktasti listamaður Norðurlanda fyrr og síðar – lést. Ef til vill væri það ekki í frásögur færandi ef ekki vildi svo sérkennilega til að Munch var einn af eftirtektafverðustu brautryðjendum nútímalistara, þeirrar tegundar sem Nerdrum er svarinn andstæðingur.

Lengi vel héldu menn að allur tilbúnaðurinn utan um persónu þessa óvenjulega sérvitrings væri ómerkileg auglýsingamennska einungis til þess gerð að draga fjöður yfir heldur smekklauða þörf til að apa eftir gömlu meisturunum. Það er alkunna að annar hver andstæðingur nútímalistara myndlistar ber

fyrir sig Rembrandt heitinn og telur sér trú um að hann sé að rækta stíl meistarans gamla. Meira að segja höfum við Íslendingar átt listamann sem álitu sig beina lærisveina hans þótt ekki birtist það í málverkum þeirra með eins skýrum hætti og það hraut af vörum þeirra. Eitt er að vera en annað að segjast vera.


Togstreitan sem skipaðist milli Nerdrum og norska listheimsins á níunda áratugnum stafaði ekki síst af ásökunum listamannsins á hendur Akadéminni í Ósló, sem hann vændi um að sniðganga sig og áhangendur sína með því að neita sér um prófessorstöðu. Í þessari rímmu skiptust landar hans í almenning, ásamt valinkunnum góðborgurum, sem studdu Nerdrum, og annars konar og nútímalistara listamann studda hvers kyns listfrömuðum sem töldu þennan merkilega aldahlupsmann og nemendur heldur ómerkilega tímaskekkju.

Þótt langt sé frá að öldurnar hafi lægt efast fæstir lengur um einlægni Nerdrums. Heimspekileg staða hans hefur skýrst til muna og þar með einnig sérstaða hans og þeirra lærisveina, sem hafa kosið

að sniðganga Norsku Listakademíuna fyrir einkaleiðsögn meistarans síns. Þeir halda áfram andófi gegn því sem þeir telja vera nútímalistarskið í norsku listalífi og uppskera gjarnan gagnarársir af hálfu gagnrýnenda, listfræðinga og sýningastjóra sem væna þá um óforbetranlega tilfinningahyggju.

Þessa tilfinningahyggju kallar Nerdrum kitsch – listlíki, hnoð eða smekkleysu – og meinar að hann sé kitsch-málari en ekki listamaður. Ásamt Jan-Ove Tuv setur hann fram spurningalista í tuttugu og fjórum liðum, í nýútkominni bók sinni Um kitsch, sem hann hvetur lesendur til að svara svo þeir geti áttað sig á því hvorum megin þeir standa, með nútímalistara eða þeirri tegund listar sem hann telur að hafi liðið undir lok með tilkomu nútímalistara.

Að mati Nerdrum var það Kant sem skipti sköpum. Með honum telur hann að list fyrri alda – list handverks, hörunds og sólsetursstemningar – hafi lotið í lægra haldi fyrir listinni sem heimspekilegu viðfangsefni; sem hugmynd um sannleik í stað munúðar. En er Nerdrum ekki að hengja bakara fyrir smíð með því að gera Kant



„Vandrer imiterer en sky“, 1990. Olíulitir á léreft, 229 x 197 cm. Í eigu Astrup Fearnley Museet for Moderne Kunst, Ósló.

ábyrgan fyrir raunhyggju okkar tíma? Ætti hann ekki frekar að ásaka vísindamenn nýaldarinnar – Kópernikus, Galileo og Newton – fyrir að hafa smám saman svipt okkur frelsinu til að álykta hvaðeina út frá persónulegri skynjun okkar?

Það er nefnilega eitthvað bogið við sögulegt val Nerdrums á barokk-öld Rembrandts sem útgangspunkti. Ármenn þeir sem hann lýsir í verkum sínum og búa eins og hirðingjar í íslenskri eyðimörk eiga sér miklu fremur stílrænar forsendur í hellaristum Magdalenu-skeiðsins en faguðu borgarsamfélagi hollenska sambandsríkisins á sautjándu öld. Kitschið í verkum Nerdrum hefur nefnilega ekkert með frábært handbragð hans að gera heldur ósamræmi milli frumstaðs myndefnisins og þróaðrar fágunar barokkstílsins. Meistarinn norški gerir sig sekan um sams konar söguskekkju – anakróníu – og Pre-Rafaelítarnir ensku sem visa aftur til miðalda – aftur fyrir Rafael – en fylgja afturhvarfi sínu

ekki með stílrænum hætti. Ef vel ætti að vera mundi Odd Nerdrum tileikna sér miklu frumstaðari stíl.

En hann vill mála eins og Rembrandt og því fær enginn breytt. Einnig bregður hann fyrir sig björtum raunsæisstíl 19. aldar í anda Courbet þar sem ljósið fellur jafnt yfir allan flötinn. Í barokkstílnum kemur birtan líkt og utan frá, og uppsetningin á Kjarvalsstöðum – grængráir veggir og spottlýsing – undirstrikar upphafinn anda sýningarinnar. Við göngum líkt og inn í heilög vé og lækkum ósjálfrátt róminn. Við blasir klassísk tækni Nerdrum, hnökraus en aldrei auðveld, aldrei einföld, en þó svo mjúk og merkilega nærfærin, einkum þegar hann malar hörund og fatnað. Það er ástæða til að vera þakklátur fyrir slíkan sérvitring og einfara í listinni. En það er líka þakkarvert hve fáir treysta sér til að feta í fótspor hans í því augnamiði að hafa endaskipti á þróuninni.

Halldór Björn Runólfsson

Hlutabréfamarkaðurinn hf.

AÐALFUNDUR 2001

Aðalfundur Hlutabréfamarkaðarinnar hf. verður haldinn þriðjudaginn 24. apríl nk. í höfuðstöðvum Íslandsbanka-FBA á Kirkjusandi og hefst kl. 17.30.

VÍB

Rekstraraðili Hlutabréfamarkaðarinnar hf. er Verðbréfamarkaður Íslandsbanka, Kirkjusandi, sími 560 8900, fax 560 8910, www.vib.is.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2000.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðanda og endurskoðunarfélags.
7. Tillaga um heimild til félagsins vegna kaupa á eigin hlutabréfum.
8. Önnur mál.

Stjórn Hlutabréfamarkaðarinnar hf.



Morgunblaðið/Ásdís

Kjartan Guðjónsson og Helga Bachmann eru meðal leikara sem lesa Passíusálmana í Grafarvogskirkju eftir hádegi á föstudaginn langa.

Leikarar lesa Passíusálmana

Á FÖSTUDAGINN langa munu leikarar lesa Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Grafarvogskirkju og hefst lesturinn kl. 13:30 og lýkur um 18:30. Hörður Bragason leikur á orgelið.

Lesarar eru Gunnar Eyjólfsson, Jón Símon Gunnarsson, Pálmi Gestsson, Þóra Friðriksdóttir, Guð-

rún Stephensen, Bryndís Pétursdóttir, Baldvín Halldórsson, Helga Bachmann, Kjartan Guðjónsson, Sigurður Skúlason, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Ragnheiður Stein-dórsdóttir, Halla Margrét Jóhann-esdóttir, Guðjón Davíð Karlsson (leiklistarnemi) og Herdís Þorvaldsdóttir.